

# **Reglur um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila undir yfirstjórn Barnaverndarstofu**

## **I. kafli**

### **Umsóknir á Barnaverndarstofu**

#### 1. gr.

##### *Umsóknareyðublað og fylgiskjöl*

Pegar sótt er um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu skal barnaverndarnefnd (hér eftir nefnd bvn. eða vistunaraðili) fylla út þar til gert umsóknareyðublað. Undirskrift forsjáradila verður að vera til þess að umsóknin sé tekin gild. Náist ekki samvinna við forsjáradila getur vistunaraðili látið fylgja með umsókninni úrskurð barnaverndarnefndar skv. 25. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992 (hér eftir bvl.) eða skv. c. lið 24. gr. bvl. um að barn skuli sæta rannsókn eða yfirlýsingu um að barnaverndarnefnd stefni að úrskurði að óbreyttum forsendum þegar pláss losnar í viðeigandi úrræði.

Með umsókninni skal fylgja greinargerð undirrituð af vistunaraðila ásamt áætlun um meðferð máls skv. 19. gr. bvl. undirrituð af vistunaraðila, eftir atvikum forsjáradilum og jafnvel barninu sjálfu, ásamt öðrum þeim fylgiskjölum sem getið er um á umsóknareyðublaði Barnaverndarstofu. Í greinargerð skal getið um afstöðu barns til vistunar. Vistunaraðili skal leita eftir skriflegum upplýsingum frá skóla og mikilvægt er að sálfræðiathuganir, ef slíkar eru fyrir hendi, fylgi með. Vistunaraðili skal einnig leita eftir upplýsingum frá Barna- og unglingsgeðdeild hafi barn fengið greiningu þar og/eða verið til innlagnar.

#### 2. gr.

##### *Svar við umsókn til Barnaverndarstofu*

Bvn. skal berast skriflegt svar frá Barnaverndarstofu um umsóknir svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 4 vikum eftir að umsókn ásamt fylgigögnum berst stofunni.

#### 3. gr.

##### *Ítrekun umsóknar*

Ef bið verður á því að barn fái meðferð á vegum Barnaverndarstofu skal vistunaraðili skriflega ítreka umsókn á a.m.k. 6 vikna fresti þar sem fram kemur hver núverandi staða barnsins er, eða ef breyting hefur orðið á áætlun um meðferð máls.

## **II. kafli**

### **Almennar reglur um vistun í meðferðarúrræði**

#### 4. gr.

##### *Læknisrannsókn við upphaf meðferðar*

Við upphaf meðferðar á Stuðlum og/eða á langtímameðferðarheimili skal vistunaraðili leitast við að fram fari almenn læknisrannsókn á barni, með tilliti til smitsjúkdóma og skal liggja fyrir vottorð viðkomandi læknis.

#### 5. gr.

##### *Um gengni*

Um umgengni og önnur samskipti barna við forsjáraðila sína og aðra nákomna meðan á meðferð stendur fer að jafnaði eftir reglum Barnaverndarstofu um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum. Geta skal um fyrirkomulag umgengni og annarra samskipta í vistunarsamningi. Meðferðarheimili skal reyna að ná samkomulagi um breytt fyrirkomulag umgengni, ef óskir koma fram um slíkt, að höfðu samráði við vistunaraðila.

Bvn. sker úr ágreiningi um umgengni og önnur samskipti en skal leita umsagnar viðkomandi meðferðarheimilis áður en slík ákvörðun er tekin og taka tillit til mats á áhrifum á meðferð barnsins.

#### 6. gr.

##### *Lok meðferðar*

Meðferð skal ávallt vera tímabundin og eigi standa lengur en nauðsyn krefur. Hún skal sæta endurskoðun eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti skv. 22. gr. bvl. Meðferðarheimili sem telur að barn nýti ekki þá meðferð sem er í boði á heimilinu skal senda sérstaka skýrslu til vistunaraðila og Barnaverndarstofu. Ákvörðun um útskrift áður en vistunarsamningur rennur út er þá tekin af Barnaverndarstofu að höfðu samráði við vistunaraðila og meðferðarheimili.

### **III. kafli**

#### **Stuðlar**

#### 7. gr.

##### *Greiningar- og meðferðarvistun*

Vistunaraðili skal gera forsjáraðilum og börnum grein fyrir starfsemi Stuðla um leið og sótt er um meðferð. Vistunaraðili fylgir foreldrum og barni síðan í forviðtal á Stuðlum áður en meðferð hefst.

Þegar kemur að því að barn hefji meðferð á Stuðlum er boðað til inntökufundar á Stuðlum. Þá sitja starfsmenn Stuðla, vistunaraðili, forsjáraðilar og barnið. Á fundinum skal skilgreina markmið meðferðar og hlutverk vistunaraðila annars vegar og Stuðla hins vegar.

Á inntökufundi er vistunarsamningur undirritaður og tekin ákvörðun um greiningarfund og aðra samráðsfundi.

Greiningarfund skal alltaf halda fjórum til sex vikum eftir inntökufund. Þar skulu meðferðaraðilar gera grein fyrir niðurstöðum greiningar, framvindu meðferðar og skipuleggja áframhaldandi meðferð á Stuðlum, ef þess er talin þörf, í samráði við vistunaraðila. Vistunaraðili getur farið fram á að fá niðurstöður greiningarfundar skriflega.

Starfsmenn Stuðla skulu hafa samráð við vistunaraðila þurfi að boða til ófyrirséðra funda.

#### 8. gr.

##### *Útskrift*

Eigi síðar en tveimur vikum fyrir útskrift skulu starfsmenn Stuðla skila skriflegum tillögum til vistunaraðila. Vistunaraðili skal, í samvinnu við forsjáraðila og í samráði við starfsmenn Stuðla, gera skriflega áætlun um meðferð máls skv. 19. gr. barnaverndarlaga að lokinni meðferð sem skal liggja fyrir að jafnaði viku fyrir útskrift.

Á útskriftarfundum sitja forsjáraðilar, barnið, vistunaraðili og starfsmenn Stuðla. Á fundinum er farið yfir skriflega áætlun um áframhaldandi meðferð máls sem tekur m.a. til eftirmeðferðar.

Að lokinni meðferð á Stuðlum skulu meðferðaraðilar skila innan tveggja vikna greinargerð til vistunaraðila og Barnaverndarstofu um greiningu og meðferð. Vistunaraðili ber ábyrgð á afhendingu greinargerðar til forsjáraðila og barns en meðferðaraðili kynnir þeim að öllu jöfnu efni greinargerðarinnar.

#### 9. gr.

##### *Lokuð deild*

Vistunaraðilar geta óskað eftir skammtímavistun barna á lokaðri deild á Stuðlum í eftirfarandi neyðar- og bráðatilvikum:

- a) Óupplýst afbrot. Hér kemur fyrst og fremst til álita að lögreglan óski vistunar.
- b) Stjórnleysi, m.a. sökum ölvunar og annarrar vímuefnaneyslu. Hér kemur fyrst og fremst til álita stjórnleysi, neysla áfengis og fíkniefna þar sem ekki er talið eðlilegt að meðferð eða afeitrun fari fram á sjúkrahúsi. Ef gert er ráð fyrir vistun barns á lokaðri deild eftir að barn hefur fengið læknishjálp verður vistun að uppfylla skilyrði c-liðar.
- c) Undirbúningur úrræða á grundvelli barnaverndarlaga. Í beiðni um vistun verður að tiltaka ástæður fyrir vistuninni og gera grein fyrir hvaða úrræði verða undirbúin. Ekki skal vista barn á lokaðri deild á Stuðlum nema um sé að ræða alvarlega hegðunarerfiðleika, vistun sé bráðnauðsynleg og fullskoðað hafi verið hvort aðrar og vægari ráðstafanir dugi meðan á undirbúningi frekari úrræða stendur.

#### 10. gr.

##### *Vistun á lokaðri deild*

Beiðni vistunaraðila um skammtímavistun barna á lokaðri deild á Stuðlum skal alltaf vera skrifleg. Greina skal frá tilgangi vistunar og reynt að áætla í samráði við deildarstjóra lokaðrar deildar eða forstöðumann Stuðla hversu lengi vistun skal vara.

Vistunaraðili skal vera í daglegu sambandi við deildarstjóra lokaðrar deildar en í hverju tilviki skal metið hvernig tengslum við barnið verður háttáð, svo sem hvort um viðtöl sé að ræða eða samband í síma. Vistunaraðili kynnir fyrir barninu ástæður vistunar, að hverju er stefnt og stöðu mála á hverjum tíma. Einnig skal veita starfsmönnum Stuðla nauðsynlegar upplýsingar um vinnslu máls meðan á vistun stendur og áætlanir um dvalartíma barns.

Ef læknir metur ástand barns, sem vista skal á lokaðri deild, svo að barnið þurfi þjónustu á heilbrigðisstofnun skulu starfsmenn Stuðla tafarlaust tilkynna það vistunaraðila sem ber ábyrgð á að flytja barnið á heilbrigðisstofnun til aðhlynningar.

#### 11. gr.

##### *Lokuð deild og langtímameðferðarheimili*

Um vistun barns á lokaðri deild, sem þegar er vistað á langtímameðferðarheimili fer almennt skv. 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 271/1995, sbr. rg. 474/1998 um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglunga. Getur forstöðumaður meðferðarheimilis óskað eftir vistun á lokaðri deild á Stuðlum en leita skal samþykkis vistunaraðila vegna slíkrar ráðstöfunar hið fyrsta og tilkynna vistun Barnaverndarstofu. Unnt er að óska eftir vistun eftir strok barns frá langtímameðferðarheimili eða vegna stjórnleysis sem ekki er unnt að stöðva með öðrum hætti. Beiðni forstöðumanns um vistun skal vera skrifleg, þar skal tiltaka ástæður vistunar, með hvaða hætti verði unnið í máli barnsins meðan vistun varir og reynt að áætla í samráði við starfsmenn Stuðla hversu lengi vistun skuli vara.

Vistun á lokaðri deild skal aldrei vara lengur en brýna nauðsyn ber til.

## IV. kafli Langtímameðferðarheimili

12. gr.

### *Meðferðarvistun*

Vistunaraðili skal gera forsjáraðilum og börnum grein fyrir starfsemi langtímameðferðarheimila um leið og sótt er um þangað. Meta skal í hverju tilviki þörf fyrir heimsókn á meðferðarheimili áður en meðferð hefst.

Þegar umsókn um langtímameðferðar hefur verið samþykkt þá fylgir vistunaraðili barninu og forsjáraðilum á inntökufund á heimilinu. Á inntökufundum sitja starfsmenn meðferðarheimilis, vistunaraðili, forsjáraðilar og barnið. Á inntökufundi er vistunarsamningur undirritaður og hlutverk hvers og eins skilgreint. Ennfremur er farið yfir skriflega áætlun um meðferð máls, skv. 19. gr. og 27. gr. bvl., þar sem fram kemur hvernig forsjáraðilar ætla að vinna að því að geta tekið barnið heim aftur. Í vistunarsamningi skal tilgreina hvenær fyrsti samráðsfundur skal haldinn. Vistunarsamning skal gera í mesta lagi til eins árs við upphaf vistunar með endurskoðunarákvæði eftir 6 mánaða dvöl á meðferðarheimili. Sé það vilji bvn. og forsjáraðila að vista barn lengur en eitt ár í meðferð að fengnum tillögum frá meðferðaraðilum skal bvn. senda skriflega beiðni til Barnaverndarstofu um áframhaldandi vistun. Jafnframt skal meðferðaraðili skila inn stöðuskýrslu til bvn. og Barnaverndarstofu. Ef fallist er á beiðni um áframhaldandi vistun skal gerður nýr vistunarsamningur.

Ef barn fer af Stuðlum í áframhaldandi langtímameðferð á vegum Barnaverndarstofu skulu meðferðaraðilar hafa ítarlegt samráð við starfsmenn Stuðla.

Vistunaraðili og forsjáraðilar mæta á samráðsfundi sem halda skal á meðferðarheimili nema sérstaklega standi á. Samráðsfundi skal halda eigi sjaldnar en 4 - 5 sinnum á ári að meðtöldum inn- og útskriftarfundum. Starfsmaður meðferðarheimilis ber ábyrgð á því að rituð sé fundargerð. Meðferðaraðili skal einnig skila til vistunaraðila samantekt og tillögum um framhald meðferðar eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn fimm mánuðum eftir að meðferð hefst.

13. gr.

### *Útskrift*

Eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir útskrift skulu starfsmenn meðferðarheimilis skila stuttri greinargerð og skriflegum tillögum til vistunaraðila. Vistunaraðili skal, í samvinnu við forsjáraðila og í samráði við starfsmenn meðferðarheimilis, gera skriflega áætlun um áframhaldandi meðferð máls, að jafnaði mánuði áður en að útskrift barns kemur. Ef vistunarsamningur er gerður til sex mánaða eða skemmri tíma gilda ákvæði 8. gr. um tímafresti.

Á útskriftarfundum sitja forsjáraðilar, barnið, vistunaraðili og starfsmenn meðferðarheimilis. Á fundinum er farið yfir skriflega áætlun um áframhaldandi meðferð máls.

Að lokinni meðferð á langtímameðferðarheimili skal meðferðaraðili skila greinargerð til vistunaraðila og Barnaverndarstofu um meðferðina. Vistunaraðili ber ábyrgð á afhendingu greinargerðar til forsjáraðila og barns en meðferðaraðili kynnir þeim að öllu jöfnu efni greinargerðarinnar.

## V. kafli

## **Kostnaður vegna barna í meðferðarúrræðum á vegum Barnaverndarstofu**

14. gr.

### *Nauðsynlegur útbúnaður og meðlag*

Forsjáraðilum ber almenn skylda til að framfæra barn sitt með hliðsjón af þörfum barnsins, sbr. 1. mgr. 9. gr. barnalaga nr. 20/1992. Vistunaraðila ber að sjá til þess að forsjáraðilar greiði eða að meðferðarheimili berist með barni sem svarar einu meðalmeðlagi eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins í upphafi hvers mánaðar meðan vistun barns á meðferðarheimili varir. Meðferðaraðilar halda yfirlit yfir ráðstöfun meðlagsins fyrir hvert barn og skal skila því til forsjáraðila barns við útskrift.

Forsjáraðilar bera ábyrgð á að börn þeirra komi með þann útbúnað sem meðferðarheimilin krefjast.

15. gr.

### *Ferðakostnaður*

Forsjáraðilum ber að mæta á reglubundna samráðsfundi með vistunaraðila og starfsmönnum meðferðarheimilis meðan meðferð barns varir og þeir bera þann ferðakostnað sem af því hlýst. Sama gildir um ferðakostnað í tengslum við umgengi.

Ef forstöðumaður meðferðarheimilis telur nauðsynlegt að vista barn, sem dvelur á langtímameðferðarheimili, tímabundið á lokaðri deild Stuðla skal starfsmaður frá viðkomandi meðferðarheimili fylgja barninu á Stuðla. Slík vistun skal ávallt vera í neyðartilvikum með það markmið í huga að endurskoða dvöl barnsins á meðferðarheimilinu í samráði við forsjáraðila og vistunaraðila. Meðferðarheimili greiðir ferðakostnað vegna vistunar sem það fer fram á.

Óski vistunaraðili eftir tímabundinni vistun á Stuðlum fellur ferðakostnaður alfarið á vistunaraðila.

Ef um stök barns af meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu er að ræða skal vistunaraðili leitast við að veita þá aðstoð sem meðferðarheimili fer fram á, skulu starfsmenn meðferðarheimila og vistunaraðili hafa fullt samráð um flutning barnsins aftur á heimilið og leitast við að halda kostnaði í lágmarki. Viðkomandi meðferðarheimili greiðir ferðakostnað barnsins vegna flutnings þess aftur á meðferðarheimilið en hvor aðili fyrir sig greiðir kostnað vegna eigin starfsmanna. Meta skal þörfina á því að halda samráðsfund á meðferðarheimilinu jafnhliða flutningi barnsins til baka.

16. gr.

### *Fjölskyldumeðferð og námskeið á vegum meðferðarheimila*

Forsjáraðilar bera þann kostnað sem hlýst af eigin fjölskyldumeðferð og námskeiðum á vegum meðferðarheimila Barnaverndarstofu. Við skipulag námskeiðs skal meðferðarheimili leitast við að halda kostnaði í lágmarki.

17. gr.

### *Lækniskostnaður*

Meðferðarheimili greiða kostnað vegna almennrar þjónustu frá heilsugæslu sem meðferðarheimili telur þörf á af tilefnum sem upp koma meðan á meðferð stendur, svo og kostnað vegna rannsókna sem gerður eru samkvæmt 2. mgr. 13. gr. reglna Barnaverndarstofu um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum. Forsjáraðilar greiða annan kostnað vegna læknisþjónustu, svo sem kostnað vegna þjónustu sérfræðinga þar með talinn allan ferðakostnað, enda skal ekki óskað eftir slíkri þjónustu nema í samráði við forsjáraðila,

18. gr.

*Aðstoð bvn.*

Forsjáraðilar geta sótt um aðstoð frá bvn. vegna kostnaðar skv. þessum kafla. Bvn. metur umsókn með hliðsjón af markmiðum áætlunar í máli barns, stöðu foreldris og einnig með hliðsjón af þörfum barnsins að höfðu samráði við meðferðarheimili.

## **VI. kafli**

### **Annað**

19. gr.

*Gildistaka*

Reglur þessar eru settar af Barnaverndarstofu með stoð í 51. og 52. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992, með síðari breytingum, og 19. gr. rg. um Barnaverndarstofu nr. 264/1995. Reglurnar gilda eftir því sem við á um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglunga og öll meðferðarheimili á vegum ríkisins sem rekin eru skv. 5. mgr. 51. gr. barnaverndarlaga og lúta yfirstjórn Barnaverndarstofu. Reglur þessar gilda frá og með 1. mars 2001.